



Listhlaupadeild Fjöl意思 tilkynnir hér með:

Kristalsmót 2021

**sem haldið verður í
Skautahöllinni í Egilshöll
13. og 14. mars 2021**

Skráning í keppni

Skráning og greiðsla keppnisgjalda skulu berast eigi síðar en 5. mars nk. í tölvupósti á meðfylgjandi eyðublaði.

Á eyðublaðinu skal koma fram fullt nafn keppanda, kennitala, keppnisflokkur og keppnisgjald.

Skráning og forföll tilkynnist á eftirfarandi netfang:

listmotstjori@fjolnir.is

Keppnisflokkar félaga og reglur*

- 6 ára og yngri - 8 ára og yngri - 10 ára og yngri - 12 ára og yngri
 - 14 ára og yngri - 15 ára og eldri - 25 ára og eldri
- Dómarakerfi C

Keppnisreglur eru eftir almennum reglum ISU og útgefnum reglum ÍSS. Drengir raðast í keppnisflokka eins og stúlkur þ.e. samkvæmt aldri en þeir eru ári eldri.

Dæmi:

12 ára og yngri stúlkur / 13 ára og yngri drengir,

10 ára og yngri stúlkur / 11 ára og yngri drengir o.s.frv.

Keppniskerfi Special Olympics og Adaptive Skating (SO og AS)

- Level I einstaklings
- Level II einstaklings
- Level I para

Dómarakerfi D

Keppnisreglur eru eftir almennum reglum ISU og útgefnum reglum ÍSS.

Keppnisgjald

Keppnisgjald að fjárhæð kr. 3.500.-, skal greiðast fyrir hvern keppanda. Greiða skal inn á reikning Fjölnis eigi síðar síðar en 5. mars nk.

Vinsamlegast setjið í skýringu: Kristalsmót, keppnisgjöld félags.

Staðfesting greiðslu sendist á listgjaldkeri@fjolnir.is

Fjöl­nir L­isth­laup­adeild
Reikn. nr.: 0114-26-7013
Kt. 631288-7589

Dregið um keppnisröð

Dregið verður um keppnisröð þriðjudaginn 9. mars og verður keppnisröðin send í tölvupósti til allra félaga.

Tónlist

Tónlist keppenda skal skilað á **mp3 formi** í síðasta lagi 5. mars til mótshaldara á listmotstjori@fjolnir.is

Dagskrá – birt með fyrirvara

Laugardagur 13. mars kl. 08:00 – 12:00

Sunnudagur 14. mars kl. 08:00 – 10:00

Skiladagsetningar

Skráning á mót og greiðsla mótsgjalda 5. mars

Skil á tónlist á mp3 formi 5. mars

Persónuverndarákvæði (GDPR)

Með skráningu á mótið gerir skautari og/eða forráðamaður sér grein fyrir því að upplýsingar um gengi skautara á mótinu eru gerðar opinberar og geymdar hjá Listhlaupadeild Fjölnis. Þá gerir skautari/forráðamaður sér grein fyrir að teknar eru ljósmyndir af skauturum á mótinu og þær birtar opinberlega og mögulega í fjölmiðlum.

Mótstjóri

Stefán Hjaltalín

F.h. Listhlaupadeildar Fjölnis

Stefán Hjaltalín Mótstjóri